

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 8. gr..

- a) Í stað „fyrir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eftir.
- b) 4. mgr. orðist svo:

Skattstjóri má því aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri uppgjörstímabila. Kröfu um vangöldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., og breytist númeraröð annarra greina til samræmis við það, svohljóðandi:

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30/1966 geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveim sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjár-afurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá 1. september til og með 15. október og frá 1. nóvember til og með 15. desember.

Skattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

3. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1990 skal uppgjörstímabil síðari bráðabirgðaskýrslu skv. 10. gr. vera frá 16. nóvember til og með 15. desember.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 24. og 33. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. 49. gr. laganna, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 24. október 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, sbr. 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þó með þeim undantekningum er greinir í 2. og 3. gr.